# 640. fundur

Fimmtudaginn 15. febrúar 2018 var haldinn fundur í nefnd skv. 87. gr. búvörulaga nr. 99/1993 í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Þessir voru mættir:

Ólafur Friðriksson, formaður ANR
Benedikt S. Benediktsson, FJR
Sigurbjörg Stella Guðmundsdóttir, ANR
Birgitta Kristjánsdóttir
Kristín Sigfúsdóttir ritari, ANR

1. Tekið var fyrir tilframhaldsumræðu erindi um vöntun á svínasíðum með og án beina. Ákveðið var að senda út eftirfarandi drög að reglugerð til umsagnaraðila á grundvelli innsendra umsagna framleiðenda og dreifingaraðila:

Með vísan til 4. mgr. 87. gr. búvörulaga nr. 99/1993 sendir ráðgjafarnefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara eftirfarandi drög að tillögu sem nefndin hyggst leggja til við ráðherra:

| | **Vara** | **Tímabil** | **Vörumagn** | **Verðtollar** | **Magntollar** |
|---|---|---|---|---|---|
| **Tollskrárnúmer.:** | | | **kg** | **%** | **kr./kg** |
| 0203.2902 | Annað – svínasíður með beini | 26.02.-30.04.18 | ótilgr. | 0 | 162 |
| 0203.2909 | Annað – svínasíður beinlaust | 26.02.-30.04.18 | ótilgr. | 0 | 205 |

Rökstuðningur: Með tillögunni verður lagt til að innflutningsvernd verði felld niður á nefndu tímabili á svínasíðum með og án beina. Ástæður niðurfellingar innflutningsverndar er sú að innlend framleiðsla getur ekki annað markaðinum og telst því framboð ekki vera nægjanlegt á innanlandsmarkaði samkvæmt 2. mgr. 65 gr. A búvörulaga nr. 99/1993. Með vísan til 2. mgr. 87. gr. laga nr. 99/1993, gerir nefndin framangreinda tillögu.

Fleira ekki gert og fundi slitið.